

Sigurður Guðjónsson

CONNECTION / TENGING

Sigurður Guðjónsson (f. 1975) stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Billedskolen í Kaupmannahöfn og framhaldsnám við Akademie Der Bildenden Kunste í Víinarborg. Videoverk Sigurðar hafa verið sýnd á fjölmörgum einka- og samsýningum, meðal annars í Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur, Hafnarborg, TBA21 Víinarborg, Liverpool Biennial, Frankfurter Kunstverein, Bergen Kunsthall, Hamburger Bahnhof, Tromsø Kunstforening og Arario Gallery í Peking.

Sigurdur Gudjónsson (b. 1975) studied in The Icelandic College of Art and Craft, in Billedskolen Copenhagen and in Akademie Der Bildenden Kunste Vienna. His work has been featured in numerous solo- and group exhibitions in Iceland and abroad, such as the National Gallery of Iceland, Reykjavík Art Museum, Hafnarborg Iceland, TBA21 Víinarborg, Frankfurter Kunstverein Germany, Arario Gallery, Beijing, Liverpool Biennial, Tromsø Kunstforening Norway, Hamburger Bahnhof, KW Institute for Contemporary Art Berlin, Kling & Bang Gallery and Bergen Kunsthall Norway.



18. janúar - 15. mars 2015

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU

listvinafelag.is
www.sigurdurgudjonsson.net

33. starfsár
Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society 33. season

TENGING (2012)

Sigurður Guðjónsson

Hendur á hægri hreyfingu í dáleiðandi hrynjandi endurtekningar – það eru myndbrotin, á skjám báðum megin inngangsins, sem komumenn sjá í Hallgrímskirkju. Það er vídeoverkið Tenging frá 2012 eftir íslenska listamanninn Sigurð Guðjónsson (f. 1975). Hljóð- og ljósheimur þessa svart-hvíta vídeoverks er draumkenndur - jafnvel ógnvænlegur - íhugun um hreyfingu, efni og hljóð.

Sigurður hefur áður gert nokkur ávirk vídeóverk um snertiskyn, verk sem höfða til skynjunar og laða áhorfendur að verkunum. Þessi verk eru unnin eða aðlöguð að sýningarrýmum og svo er um verkið sem sýnt er í Hallgrímskirkju. Saman mynda hljóð, mynd, húsbýggingin, mannlíf hennar og sýningarrýmið eina listheild.

Í verkinu Tenging (2012) eru hljóð og mynd ósamhæfð sem skapar hliðheim. Verkið kveikir tengsl milli þess hliðheims og rýmis kirkjunnar og vekur tilfinningu fyrir helgitíma í helgirými sem þó er í borgarpúlsinum. Franski heimspekingurinn Michel Foucault nefndi slíka hliðheima heterotopias (1984). Þeir væru skýrt aðgreindir frá samhengi sínu, en gætu kveikt upplifun á merkingarlögum (sbr. raunveröld og handanvera) og ólíkum tímum (í verki Sigurðar er hægt á tíma) en einnig skýrt notkun í tengslum við umhverfi og samhengi: Að kirkjan nýtist sem tilbeiðslurými, vettvangur fyrir trúarlegt samfélag þar sem helgisiðir eiga heima og eru framkvæmdir.

Vídeóverkið Tenging er þungbúin, beinskeitt, seiðandi síbylja og vekur vitund um kyrru kirkjurýmisins sem þjónar íhygli og íhugun fólks. Vídeóverkið beinir vitund að snertiskynjun við meðferð og strokur hringja og umbreytir þeim í einföld en ávirk tæki sem gefa frá sér hljóð í líkingu við tíbetskar bænabjöllur. Hljóðin vísa einnig til hins stórfenglega orgels kirkjunnar sem er frægt fyrir hinar 5275 pípur.

Ann-Sofie Gremaud, PhD og listsagnfræðingur.

Þýð. dr. Sigurður Árni Þórðarson

CONNECTION (2012)

By Sigurður Guðjónsson

The slow, hypnotic rhythm of a hand's repetitive movement meets the visitors at the entrance to the Hallgrímskirkja church as two screens on both sides of the church entrance show the video artwork Connection (2012) by the Icelandic artist Sigurður Guðjónsson (b. 1975). The video's sounds and black and white images create dreamlike or even nightmarish associations and appear as a meditation on motion, material and sound.

Guðjónsson has created a number of video works that create spaces that thematize tactility, affect the senses and draw the viewer close. They interact with the surroundings – as it is also the case with the work exhibited in the in the Hallgrímskirkja church – and contribute to turning the exhibition space into a Gesamtkunstwerk where sound, image, architecture, and function form a synthesis.

In the work Connection (2012) sound and image are out of sync, which creates an alternative space. In its interplay with the church space the work points to the church as a space of unique temporality and practice within the city space. French cultural historian and philosopher Michel Foucault has called such alternative spaces heterotopias (1984). These spaces are characterized by being clearly separated from the surroundings, they can encourage experiences of accumulated spatial levels (e.g. the metaphysical and earthly world) and alternative tempi when entering them – in this case a slowing down – and finally they represent a clear function in relation to the surrounding culture: The church functions as a place of worship, a space for the gathering of a religious community and performances of rites and rituals.

The video work is dark, focused, repetitive, and hypnotic whereby it supports the air of tranquillity of the church space as a place of contemplation and introspection. The video focuses on the tactility of the handling and stroking of the rings, which turns them into a simple but effectual instrument – producing sounds not unlike those of Tibetan prayer bells. These aspects also create associations to the church's impressive organ famous for its 5275 pipes.

Ann-Sofie Gremaud, Phd. Art Historian